

Skýrsla keppnisráðs AKÍS í rally 2023

Keppnisráðið í rally er þannig skipað:

Aðalsteinn Símonarson – BÍKR, formaður,
Baldur Haraldsson – BS,
Sigurður Arnar Pálsson – AIFS,
Tryggvi M Þórðarson – KK.

Keppnisráðið í rally hefur frá ársþingi AKÍS í mars haldið fjóra bókaða fundi. Hægt er að sjá fundagerðir þeirra á www.akis.is/rally/.

Auk þess var samráð haft um ýmis málefni milli funda, t.d. með símtölum og samskiptum gegnum tölvur.

Keppnistímabilið 2023 í rally gekk í heildina vel. Sprett rally var haldið í byrjun febrúar sem hluti af dagskrá Reykjavíkurlaikanna / RIG, fór keppnin fram á svæði Kvartmíluklúbbsins.

Íslandsmótið í sérleiða rally samanstóð af fimm keppnum, sem er sami fjöldi og flest undanfarin ár. Auk þeirra keppna sem fyrr eru taldar hélt KK alþjóðlega keppni í Hill rally í ágúst, þriðja árið í röð. Þegar er búið að auglýsa keppni í Hill Rally árið 2024. Í tvígang var á árinu auglýst keppni í Íslandsmótinu í nákvæmnisakstri / e-rally, en í hvorugt skiptið bárust nægjanlega margar skráningar til að keppnin færi fram.

Engin kærumál komu upp í keppnum ársins en í einhverjum tilfellum kom til kasta dómnefnda varðandi túlkun á reglum eða framkvæmd keppni.

Áberandi var í sumar að keppnishaldarar, þó ekki allir, virtust seinir með undirbúning og ýmsar mikilvægar upplýsingar bárust seint eða alls ekki til keppenda, s.s. leiðarabók. Er þetta umtalsvert áhyggjuefni en skýringin sem keppnishaldarar bera fyrir sig er að undirbúningurinn hvíli á herðum fárra og takmarkað sé hvað þeir fái áorkað.

Í fyrsta sinn síðan 2017 fjölgaði skráðum ökutækjum í sérleiða rally milli ára; voru 15,2 að meðaltali 2023, samanborið við 12,4 árið 2022, sem er mjög jákvætt.

Meðaltal skráðra ökutækja síðustu 5 ára hélt hins vegar áfram að lækka, er 14,4 fyrir árin 2019-2023 en var 15,2 fyrir árin 2018-2022.

Talsvert meiri nýliðun meðal ökumanna sást á árinu sem er að líða heldur en undanfarin ár. Þannig óku 6 ökumenn í sinni fyrstu rally keppni á árinu og 7 aðstoðarökumenn þreyttu frumraun sína.

Á fundi sínum haustið 2020 ákvað keppnisráðið í rally að leggja til við stjórn AKÍS að viðmiðunarlífi ökumanna í rally verði breytt þannig að þeir sem náð hafi 15 ára aldri megi aka ökutækjum á sérleiðum. Stjórn AKÍS staðfesti þetta aldursviðmið en enn hefur ekki verið hægt að heimila þeim sem eru 15 ára að aka á sérleiðum þar sem ekki er skýr ákvæði um þetta í reglugerð Dómsmálaráðuneytisins heldur er lögreglustjóra veitt heimild til undanþágunnar. Talsvert hefur verið unnið í að fá málið tekið upp við yfirvöld án árangurs hingað til. Mjög mikilvægt er að þetta mál verði klárað hið allra fyrsta á hærri stigum, t.d. með viðræðum við Ríkislögreglustjóra eða Dómsmálaráðuneytið, enda eru ungir ökumenn einn af helstu möguleikum við fjölgun keppenda.

Óverulegar breytingar verða gerðar á reglum um rally fyrir árið 2023, en þær snúast mest um orðalag og skýrari framsetningu, auk þess sem tveir keppnisflokkar eru sameinaðir í einn.

Keppnisráðið hefur ákveðið að Íslandsmótið í sérleiða rally 2023 verði mótarið og Íslandsmótið í nákvæmnisakstri verði ein keppni.

F.h. keppnisráðs AKÍS í rally,

Borgarnesi 25. október 2023
Aðalsteinn Símonarson